

Stefna Sjúkratrygginga Íslands í upplýsinga- og kynningarmálum

Stefna Sjúkratrygginga Íslands er að:

Upplýsa með markvissum hætti almenning, viðskiptavini*, stjórnvöld og starfsfólk um réttindi og starfsemi stofnunarinnar með það að leiðarljósi að efla þjónustu og skilning á starfseminni og auðvelda aðgengi að upplýsingum.

Sjúkratryggingar Íslands munu aðallega nýta þjónustuvef stofnunarinnar www.sjukra.is, upplýsinga- og samráðsfundi með hagsmunaaðilum og tilkynningar til fjölmiðla og hagsmunaaðila til að koma upplýsingum á framfæri.

Efla rafræna þjónustu og stjórnsýslu til hagsbóta fyrir viðskiptavini og starfsemi stofnunarinnar og nýta færustu og hagkvæmstu leiðir upplýsingasamfélagsins til að miðla upplýsingum.

Sjúkratryggingar Íslands munu nýta upplýsingatækni til gagnvirkrar þjónustu.

Efla stjórnun með reglulegri upplýsingagjöf um fjármálalega stöðu réttindaflokka og rekstrar ásamt því að greina frá helstu málefnum sem varða starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnendur munu reglulega greina frá fjárhags- og rekstrarstöðu. Á vefsíðu verður miðlað tölulegum upplýsingum og fréttum af helstu málefnum.

Fylgjast reglulega með viðhorfi viðskiptavina til starfsemi stofnunarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu hennar.

Sjúkratryggingar Íslands munu nota færustu og hagkvæmstu aðferðir til að fylgjast með viðhorfi almennings og efla vitund starfsmanna um mikilvægi orðspors stofnunarinnar.

*Notendur, aðstandendur, heilbrigðisstéttir, heilbrigðisstofnanir, fyrirtæki/birgja